

AUGLÝSING

um deiliskipulagið, Framnes austan Nesvegur, í Grundarfjarðarbæ.

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar samþykkti þann 13. mars 2008 deiliskipulagið Framnes austan Nesvegur. Deiliskipulagið nær til svæðis sem liggur frá Norðurgarði, norðan við Hrannarstíg og út á Framnesið austan við Nesveg. Um er að ræða reiti 6 og 9. Á svæðinu verður iðnaður og verslun auk blandaðrar starfsemi. Lóðamörk hafa verið endurskilgreind og byggingareitir óbyggðra lóða og núverandi húsa verið ákvarðaðir. Sjóvarnagarði hefur verið komið fyrir með ströndinni og gangstíg innan við hann. Þá hefur aðkomuleiðum að nokkrum lóðum verið breytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grundarfirði, 10. júlí 2008.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Grundarfjarðarbæjar,
Hjörtur Hans Kolsöe.

B-deild – Útgáfud.: 24. júlí 2008